



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETAHJÓN HEIMSÆKJA SÓLHEIMA

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid forsetafrú heimsækja í dag, miðvikudaginn 3. ágúst, Sólheima í Grímsnesi. Heimsóknin hefst við Vigdísarhús þar sem tekið verður á móti forsetahjónum en síðan gengið að Sesseljuhúsi, upplýsinga- og fræðslumiðstöð um umhverfismál. Pétur Sveinbjarnarson stjórnarformaður Sólheima rekur þar sögu Sólheima í stuttu máli og Guðmundur Ármann Pétursson framkvæmdastjóri gerir grein fyrir þeirri fjölpættu starfsemi sem þar fer fram. Þá munu forsetahjónin skoða sýninguna *Sjálfbærni Sólheima og sjálfbæra heimilið*.

Eftir hádegisverð með íbúum Sólheima heimsækja forsetahjón vinnustofur, verkstæði og fyrirtæki Sólheima, kynna sér kertagerð og smíðaverkstæði, listasmiðju, vefstofu, leirgerð og jurtastofu og skoða sýninguna *Lyst á list*.

Forsetahjónin munu síðan gróðursetja tré við Sólheimakirkju og dagskránni lýkur með kveðjustund í kirkjunni þar sem Sólheimakórinn flytur tvö lög undir stjórn Lárusar Sigurðarsonar og forseti Íslands flytur ávarp.

3. ágúst 2016

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*

